

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skal greiða tekjutryggingarauka sem hér segir á árinu 1993:

- a) Í júlí 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1993 sérstaka 28% uppbót vegna láglau nabóta.
- b) Í ágúst 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1993 sérstaka 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
- c) Í desember 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1993 sérstaka 30% uppbót vegna desemberuppbótar.
- d) Í desember 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1993 sérstaka 28% uppbót vegna láglau nabóta.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 868 729 eða kr. 72 394 á mánuði.

#### 2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 887 058 eða kr. 73 921 á mánuði.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum eins og henni var breytt með 24. gr. laga nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, öðlast gildi 1. júlí 1993.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*